

1875

75

20sta
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Með þessu brjefi var leyft bæjarstjórninni að taka 2000 króna lán til að kaupa fyrir ljóssker til að lýsa með götur bæjarins.

76

20sta
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Með þessu brjefi var leyft bæjarstjórninni að jafna niður á bæjarbúa 15071 kr. 93 a., þó meðaltal bæjargjalda hin síðustu 3 ár að viðbættum 1 fimmtungi að eins verði 13258 kr. 70 a. — Sbr. tilsk. 20. apr. 1872 § 19¹.

77

20sta
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Leyft var hinum setta sýslumanni í Þingeyjarsýslu að hafa aðsetur sitt að Ljósavatni til næstu vordaga, með því skilyrði, að hvorki hið opinbera nje sýslubúar hafi nokkurn бага af þessari veru hans fyrir utan hinn lögskipaða aðsetursstað sýslumannsins, Húsavík.

78

20sta
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Eptir að settur hjeraðslæknir í Þingeyjarsýslu Júlíus Halldórsson hafði fengið 100 króna styrk úr landssjóði til ferðar sinnar frá Reykjavík norður að embætti sínu á fyrra árs hausti, hafði hann sótt um 150 króna viðbót við þenna styrk úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins. Bónarbrjef hans um þetta var endursent amtmanni með vísbandingu um, að það samkvæmt 54. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar ætti að hverfa undir úrskurð amtsráðsins.

79

22an
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með þóknanlegu brjefi frá í gær, hefur herra amtmaðurinn sent mjer beiðni sýslunefndarinnar og hreppsnefndarinnar á Vestmannaeyjum um, að útvegaðar verði 100 tunnur af rúgi handa sveitinni, til að koma í veg fyrir hungursneyð á í hönd farandi vetri, helmingur að gjöf, en helmingurinn sem lán með svo vægum kjörum, sem unnt er; hefur sýslunefndin þar hjá tekið fram, að enda þótt hin umsókta gjöf ekki fáizt, treysti hún sjer þó ekki til að taka stærra lán, en svo sem svari 50 tunnum af rúgi. Hr. amtmaðurinn hefur næst því að staðhæfa, að álita megi verulega hættu fyrir hungursneyð á Vestmannaeyjum, ef sveitinni verði eigi hjálpað til að bæta upp þær litilfjörlegu kornbirgðir, sem nú eru þar við verzlunarstaðina, og að skýra frá, að yður hafi tekizt að útvega Vestmannaeyngum að gjöf 6 tunnur af rúgi og 4 tunnur af bankabyggi, sem eptir voru af gjafakorni því, er fyrir nokkrum árum safnaðist, lagt það til, að nefndri sveit megi verða veitt 1000 kr. lán úr landssjóði gegn 4% árlegum vöxtum og endurborgun í 2 ár, hvert eptir annað og ennfremur falið mjer á vald, hvort það mætti vera unnt að veita hreppnum í viðbót gjöf þá, sem um er beðið, jafnframt og þjer hafið látið í ljósi, að enda þótt þær 50 tunnur af korni, sem þjer móti borgun út í hönd getið útvegað hjá kaupmönnum hjer handa Vestmannaeyngum, er hafa sent skip hingað, sem kom í gær, gagngjört í þessu erindi, ekki að öllu fullnægði þeim skorti, sem menn þar kvíða fyrir, vonið þjer þó, að með þeim muni verða bætt úr þeirri hungursneyð, sem menn óttast fyrir á Vestmannaeyjum.

Út af þessu leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að tjá herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að jeg eptir kringumstæðunum og að áskildu

1) Með brjefi frá 1. nóvbr. leiddi landshöfðingi í öðru máli athygli bæjarstjórnarinnar að því, að ekki þurfi samkvæmt þessari lagagrein samþykkis landshöfðingja til að stofna lán, er endurborga skal á sama ári og það er tekið.

samþykki ráðgjafans hef veitt sýslunefndinni á Vestmannaeyjum 1000 kr. lán af landssjóði til að kaupa fyrir 50 tunnur af rúgi, til þess að koma í veg fyrir hungursneyð á í hönd farandi vetri, gegn því að af láninu verði greiddir 4% vextir árlega og það endurborgist landsjóði að hálfu innan 1. okt. 1876 og að hálfu innan 1. okt. 1877. Nefndum 1000 krónum verður herra amtmanninum ávísað úr jarðabókarsjóðnum, og skuluð þjer beðnir að annast um rúgkaupin fyrir þær og um að sýslunefndin á Vestmannaeyjum gefi út nauðsynlegt skuldabrief fyrir láninu, og verður það skuldabrief að senda hingað með áteiknaðu samþykki amtsráðsins eða herra amtmannsins, sbr. tilsk. um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 § 29.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Eptir að jeg með brjefum frá 20. f. m. og 9. þ. m., hef meðtekið þóknanleg ummæli herra amtmannsins um erindi, er verzlunarstjóri hinnar íslenzku samlagsverzlunar í Björgvín, Matth. Johannesen, hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland og hann aptur landshöfðingjanum til úrlausnar, en í erindi þessu er kvartað undan úrskurði herra amtmannsins, er fellst á það, að byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar hefur lagt nokkurn hluta lóðar þeirrar, er umgetið verzlunarfelag átti, til að breiðka Austurstræti og ákveðið 50 aura fyrir hverja □ alin, sem endurgjald fyrir hina útlögðu lóðarsneið, skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og auglýsingar fyrir hlutadeigöndum tjáð það, er hjer segir:

Það leiðir af ákvörðun opins brjefs 29. maí 1839 § 3 A, að kærandinn var skyldur til gegn endurgjaldi af bæjarsjóði, að láta af hendi svo mikið af óbyggðri lóð tjeðrar verzlunar, sem byggingarnefndin eða bæjarstjórnin áleit þörf á til að fá Austurstræti tilhlýðilega breidd, og verður því beiðnin, að því leyti hún fer fram á, að bæjarstjórninni verði tjáð, að hún að eins samkvæmt almennum reglum, um lóðarnám (stjórnarskrá 50. gr.) geti tekið undir sig umgetna lóð, ekki tekin til greina. Eptir tilvitnaðri lagaákvörðun á byggingarnefndin að ákveða nefnt endurgjald með samþykki amtsins í hlutfalli við stærð og verð allrar hinnar byggðu lóðar og rýrnun þá, er henni stendur af missinum, og reglur þær, er bæjarstjórnin eða byggingarnefndin í þessu tilliti á að fylgja, eru ákveðnar í 20. gr. samþykktar þeirrar fyrir Reykjavíkurkaupstað, er bæjarstjórnin hefur samið 23. sept. 1872, og staðfest er 9. oktbr. s. á. og bætir hún við fyrirfælin um, að endurgjald fyrir slíkan lóðarmissi greiðist eptir op. br. 29. maí 1839 § 3 A eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar með samþykki amtmanns eða landshöfðingja, því, að bæjarstjórnin geti, óski hún ekki sjálf að meta endurgjaldið, og sje það ekki fyrirfram ákveðið fyrir sjerstaklegt samkomulag, ákvarðað, að það skuli meta 2 óvilhallir menn, sem rjetturinn kveðji til þess, og uni þá eigi bæjarstjórnin, eður sá er hinsvegar á hlut að máli, mati þeirra, megi því skjóta undir yfirmat 4 á sama hátt tilkvaddra manna. Þessi viðbættir gjörir enga breytingu, á ákvörðuninni í opnu brjefi 29. maí 1839, heldur skýrir nákvæmar reglu þá, sem þar í er fólgin, að eigandi skuli fá fullt endurgjald fyrir lóð þá, er hann lætur af hendi, eins og eðli hlutarins einnig býður. Í op. br. 29. maí 1839 er það semsje eigi lagt á vald byggingarnefndarinnar, hvert endurgjaldið skuli vera í hvert skipti, heldur skal endurgjaldið til taka í hlutfalli við stærð og verð allrar hinnar byggðu lóðar, og við rýrnun þá, er henni stendur af missinum, og skal enn fremur mat það, er byggingarnefndin þannig hefur fundið, samþykkt af amtmanni. En af þessu leiðir, að þar er byggingarnefndin eigi treystist til að meta sjálf endurgjaldið eptir reglum þeim, sem gefnar eru, á hún að láta óvilhalla menn dómkvadda meta það, og sömuleiðis, að amtmáður ekki á að samþykkja endurgjald það, er byggingarnefndin hefur stungið upp á, ef hlutadeigandi hefur mótmæli

1875

79

22an
oktbr.

80

27da
oktbr.